

Ed.

459. Breytingartillaga

[208. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961.

Frá allsherjarnefnd.

2. gr. orðist svo:

18. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

- a) eru 20 ára þegar kosning fer fram,
- b) eru íslenskir ríkisborgarar,
- c) eru ekki sviptir lögræði,
- d) eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firt sig kosningarrétti við sveitarstjórarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum í 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi sem hann á lögheimili í þegar framboðs-frestur rennur út.

Kjörstjórnir í þeim sveitarfélögum, þar sem kosningar fara fram síðasta laugardag í júní, skulu sérstaklega ganga úr skugga um að þeir einstaklingar, sem flutt hafa lögheimili sitt á tímabilinu milli kjördaga, hafi eigi neytt atkvæðisréttar í öðru sveitarfélagi.